

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 22. janúar 2008, voru samþykktar eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. Breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis, 1. áfanga.

Breytingin felst í auknu byggingarmagni og fjölgun íbúða á lóðunum nr. 2, 4, 6, 8 og 10 við Asparskóga. Byggingarreitur og fjöldi hæða eru óbreyttir.

2. Breyting á deiliskipulagi Sólmundarhöfða.

Breytingin felst í því að mörkuð eru lóð og byggingarreitur fyrir dreifistöð Orkuveitunnar. Lóðin er 16 m² og byggingarreitur 2,5 x 2,5 m, mænishæð dreifistöðvar verður ekki hærrí en 2,5 metrar. Aðgengi að stöðinni skal vera tryggt frá aðliggjandi göngustíg.

3. Breyting á deiliskipulagi Æðarodda.

Deiliskipulagsbreytingin nær yfir allar lóðir fyrir búfjárhald í Æðarodda.

Breytingin felst m.a. í að:

Lóðir nr. 33 og 36 verða stækkaðar.

Lóðir nr. 52 og 53 verða felldar niður.

Lóðirnar 41, 43, 45, 47, 49 og 51 færast um 5 metra til norðausturs.

Allir byggingareitir verða endurskilgreindir.

Nýtingarhlutfall lóða breytist úr 0,2 í 0,5.

Áður fyrirhuguð akstursleið inn á svæðið verður felld niður.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru auglýstar skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

Akranesi, 12. febrúar 2008.

Guðný Ólafsdóttir, fulltrúi tækni- og umhverfissviðs.